

2. ársfundur | Murcia, Spánn

Sjálfsvígsvorvarnir: Innleiðing SUPRA á Íslandi

Teymið: Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir, Sólrún Ósk Lárusdóttir og Sólveig Karlsdóttir (EL) og Ingibjörg Sveinsdóttir (HRN)

BAKGRUNNUR

Ísland er eyja í Norður-Atlantshafi með þingbundið lýðræði. Heilbrigðiskerfið er ríkismiðað og að mestu fjármagnað með skattfé. Geðheilbrigðisþjónustan er samofin annarri heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og skólakerfi.

Ný geðheilbrigðisstefna til ársins 2030 var samþykkt á Alþingi í júní 2022 og aðgerðaáætlun samþykkt í framhaldinu í júní 2023.

Sjálfsvígstölur á Íslandi eru lágar í samanburði við stærstu flokka dánarorsaka og íbúafjöldi lítil. Í ljósi þessa geta litlar breytingar á tölum valdið sveiflum á milli ára. Því er rétt þegar fjallað um sjálfsvíg á Íslandi að nota meðaltal fyrir 5-10 ár.

Sjálfsvígstíðni – er 11,7 á hverja 100.000 íbúa að meðaltali fyrir árin 2012-2021, 17,9 (karlmenn) og 5,4 (konur).


Aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum – unnið er eftir áætlun sem samþykkt var árið 2018, sem felur í sér 54 aðgerðir. Nú hefur 15 aðgerðum hefur verið lokað, 25 eru í vinnslu og 14 í bið.

Unnið að áætluninni – á landsvísu.

Markhópurinn – Íbúar á Íslandi (Árið 2022: 382.003).

Tilgangur og markmið með þátttöku í verkefninu – er að nota aðferðarfræði SUPRA mótelsins frá Austurríki til að endurskoða og endurhanna aðgerðaráætlun til að sporna við sjálfsvígum á Íslandi frá 2018.

Tímalína innleiðingarferlis



Aðgerðaáætlun

SA1 – Samhæfing & skipulag: Endurskoðun og endurhönnun aðgerðaráætlunar til að fækka sjálfsvígum.

SA2 – Stuðningur & meðferð: Samræmdir verkferlar (í kjölfar sjálfsvígis, eftir sjálfsvígstílaun og við gerð sjálfsvígisáhættumats).

SA3 – Takmörkun aðgengis: Greina og meta áhættusvæði fyrir sjálfsvíg og endurskoða öryggisreglugerðir ef þarf.

SA4 - Vitundarvakning & fræðsla: Átakið Gulur september um mikilvægi geðheilbrigðismála og sjálfsvígsvorvarna. Uppfærsla efnis og birting á nýju efni á vefmiðlum og útgáfa bæklinga.

SA5 – Forvarnir og heilsueflingarstarf: Gagnreynd nálgun við sjálfsvígsvorvarnir í elstu bekkjum grunnskóla.

SA6 – Gæðaeftirlit & sérfræðipækkning: Stuðla að samræmdri skráningu og bættum gæðum gagna í gagnagrunnum.

LYKILSKILABOÐ

ÁSKORANIR OG LAUSNIR

- Skortur á fjármagni sem varið er til sjálfsvígsvorvarna. Þörf er á vitundarvakningu/aðgerðum sem þrýstir á stjórnvöld að bæta fjármögnun.
- Aðgerðir í aðgerðaráætlun til að fækka sjálfsvígum eru umfangsmiklar og kostnaðarsamar. Þær fela í sér samvinnu margra ráðuneyta, stofnana og félagasamtaka. Það er mikilvægt að vinna í fáum aðgerðum í einu og skipta aðgerðum niður í smærri bita til að einbeita sér að því sem kallað er “quick win” í SUPRA aðferðarfræðinni.

ÁFANGASIGRAR


- Geðheilbrigðisstefna 2022-2030 og aðgerðaáætlun samþykkt af Alþingi.
- Stórum áföngum náð: Stofnun á Lífsbrú og Gulur september – vitundarvakning með áherslu á mikilvægi sjálfsvígsvorvarna og geðheilbrigðismál.

LÆRDÓMUR

- Samfélagssáttmáli: Forgangsröðun geðheilbrigðismála.
- Virkt samstarf þvert á geira og hagsmunaaðila er lykillinn að árangri í gegnum breytingaferlið. Ekkert um okkur án okkar.

KOSTIR ÞESS AÐ TAKA ÞÁTT

- Verkefnið hefur hjálpað til að ná athygli lykilstjórnenda.
- Hefur hjálpað við framgang aðgerða í núverandi áætlun.
- Hefur hjálpað við að koma á fót vísu að miðstöð sjálfsvígsvorvarna.
- Hefur styrkt alþjóðlegt tengslanet í sjálfsvígsvorvörnum.
- Veitir tækifæri til rannsókna.



Harpan og Háskóli Íslands – Gulur dagur í Gulum september

